



# PÉSI

32. ÁRGANGUR | 374 TBL. NÓVEMBER 2022

## Athugið!

Næsta Pésa verður dreift  
**17. janúar.** Efni þarf að  
berast fyrir **9. janúar.**



## Hátíðleg aðventustund

Loksins var hægt að halda aðventukvöld í Hrunakirkju á ný en undanfarin ár hefur heimsfaraldur komið í veg fyrir slíkar samkomur.

Fullt var út úr dyrum og nutu gestir dásamlegrar kvöldstundar í fallegri kirkjunni. Sr. Óskar stýrði samkomunni. Fermingarbörn lásu upp, stúlknaþópur sem og kirkjukórinn sungu, Dúna Karlsdóttir las jólasögu og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri flutti ávarp.

Að lokinni aðventudagskránni áttu gestir síðan góða stund í safnaðarheimilinu og nutu jólalegra veitinga.



## Jólamarkaður hjá VISS

Í allri starfsemi hæfingarstöðvar VISS hér á Flúðum er lagt upp með að styðja og efla starfsmenn í vinnu og virkni. Unnið er markvisst að því að aðstoða fatlað fólk til atvinnuþátttöku, hæfingar og félagsþjálfunar og að styðja fólk í að vera virkir þátttakendur í eigin lífi. VISS er með starfsemi á Selfossi, Flúðum, Hvolsvelli og í Þorlákshöfn. Hér á Flúðum er unnið að eigin framleiðslu á listmunum og nytjavöru úr ýmsum endurunnum efnum auk þess sem starfsmenn vinna ýmis önnur verkefni og má þar til dæmis nefna að þau fara einu sinni í viku og „plokka“ rusl hér á Flúðum. Ekki síst er það því þeim að þakka hversu fallegt og hreinlegt þéttbýlið okkar er.

Nýlega buðu starfsmenn á jólamarkað í húsnæði sínu og mátti þar kaupa margt fallegt og njóta góðra veitinga um leið. Full ástæða er til að minna á að VISS er með opna söluna alla daga og eru allir hjartanlega velkomnir.



Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir ([aldis@fludir.is](mailto:aldis@fludir.is))

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir ([svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is))

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

Sími 480 6600

[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is)

[www.fludir.is](http://www.fludir.is)

# Pistill sveitarstjóra

Í þessum síðasta Pésa ársins vil ég þakka ykkur öllum fyrir einstakar móttökur og ánægjulegar samverustundir síðustu fjóra mánuði. Ég hef komist að því að hér í Hrunamannahreppi er gott mannlíf og afskaplega mikið um að vera svo ég hlakka svo sannarlega til verkefna komandi missera og skemmtilegra samverustunda með ykkur öllum.



Það er gaman að geta sagt frá því hér að Hrunamannahreppur varð í öðru sæti í kosningu tíu stéttarféлага bæjarstarfsmanna innan BSRB um „Sveitarfélag ársins 2022“. Er þetta mikill heiður og viðurkenning á því góða starfi sem hér er unnið.

Einnig var það ánægjuleg stund þegar að sveitarstjórn samþykkti að taka tilboði tryggingafélagsins Varðar í allar tryggingar sveitarfélagsins. Var það niðurstaða útboðs sem skilaði á einu bretti ríflega 50% lækkun iðgjalda eða um 4 m.kr. sparnaði og aukinni tryggingavernd sem ekki var nú verra.

Nú hafa nöfn á götunum í nýja hverfinu á Byggð á bríkum verið ákveðin. Sú tillaga sem sveitarstjórn var ánægðust með tengist Kerlingarfjöllum á Hrunamannafrétti og hafa nöfnin beina skýrskotun til örnefna þar um slóðir. Það voru hjónin í Bryðjuholti þau Þórunn Andrésardóttir og Samúel Unnsteinn Eyjólfsson sem eiga heiðurinn af nöfnunum og fá þau viðurkenningu frá sveitarfélaginu fyrir hugmyndaauðgina. Sveitarstjórn hefur jafnframt samþykkt að sú gata sem býið er að bjóða út muni heita Fannborgartangi og gatan þar á móti Ásgarðstangi. Aðalgatan niður hverfið heiti Kerlingartangi. Í framhaldinu munu aðrar götur í hverfinu raðast í stafrófsröð með örnefnum úr Kerlingarfjöllum.

Vinna haustsins hefur litast af gerð fjárhagsáætlunar ársins 2023 ásamt gerð þriggja ára áætlunar fyrir árin 2024 – 2026. Fjárhagsáætlun hefur nú verið vísað til síðari umræðu sem fram mun fara þann 15. desember. Þá verður einnig lögð fram ítarleg greinargerð þar sem farið verður yfir rekstur einstakra deilda og fjárfestingar komandi árs. Helstu forsendur við gerð fjárhagsáætlunar voru að álögum á íbúa skyldi haldið í lágmarki án þess þó að rekstri sveitarfélagsins sé stefnt í tvísýnu. Einnig er lagt upp með að þjónusta við íbúa sé eins góð og kostur er og taki mið af síbreytilegum kröfum og óskum samfélagsins.

En nú undirbúum við jóla. Þau eiga að vera okkur öllum ánægja og því skulum við muna að mögulega er í næsta húsi við okkur einhver sem á um sárt að binda, saknar foreldra, barna eða lífs sem varð öðruvísi en vonast hafði verið til. Þá getur stutt heimsókn, bros eða kærleiksverk gefið af einlægni skipt öllu. Þannig breytum við nefnilega deginum og við getum með því að vera góð hvert við annað séð til þess að hver dagur verði okkur öllum uppspretta gleði og ánægju.

Ég óska ykkur öllum gleðilegrar aðventu, ánægjulegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Aldís Hafsteinsdóttir*



# ÁRAMÓTABRENNAN Á FLÚÐUM

Áramótabrenna verður á  
tjaldsvæðinu á Flúðum,  
gamlársdag, kl. 20:00.

Prettándabrenna verður á sama  
stað laugardaginn 7. janúar  
kl. 20:00. Á þrettaándanum  
er hefð fyrir því að við skjótum  
burt jólin og sér Björgunarfélagið  
Eyvindur um flugeldasýningu  
sem hefst kl. 20:30.



## Barnaskemmtun/jólaball

Barnaskemmtun Kvenfélags Hrunamanna-  
hrepps hefur verið haldin í einhverri  
mynd frá árinu 1944 og er því með elstu  
skemmtunum sveitarinnar. Fyrstu árin var  
skemmtunin á vorin en árið 1951 er hún orðin  
að jólatrésskemmtun og hefur haldist þannig  
síðan.

Núna verður þessi tæplega áttatíu ára gamla  
skemmtun haldin í Félagsheimili Hrunamanna  
**föstudaginn 30. desember kl. 15.** Í tilefni af  
80 ára afmæli Kvenfélags Hrunamannahrepps  
í ár, ætlar félagið að bjóða öllum á jólaballið.  
Karl Hallgríms syngur og spilar meðan  
gengið er í kringum jólatréð, sr. Óskar verður  
með stutta hugvekju og að sjálfsögðu mæta  
jólasveinar á staðinn á leið sinni til fjalla.  
Veitingar í boði félagsins.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest og viljum við  
hvetja ykkur til að láta það barnafólk hér í sveit  
sem ekki les íslensku vita.

*Jólakveðja frá barnaskemmtunarnefndinni,  
Marta og Ingibjörg.*

## Jóla- og áramótakveðja

Sendum íbúum Hrunamannahrepps,  
sumarhúsaeigendum og öllum  
viðskiptavinum nær og fjær, hugheilar  
jóla- og nýárskveðjur með kærum þökkum  
fyrir ánægjulegt samstarf og skemmtilegar  
samverustundir á árinu sem er að líða.

*Sveitarstjórn og starfsfólk  
Hrunamannahrepps*



# Jökulsfréttir

## Árshátíð

Mikið var um dýrðir á fyrstu árshátíð Hestamannafélagsins Jökuls. Hún var haldin í Árnesi þann 12. nóvember og mætti þar fjöldi félagsmanna og skemmti sér vel. Verðlaunað var fyrir árangur ársins og á félagið frábæra knapa og hross í öllum hornum.

- Félagsmaður ársins - Kristín Sigríður Magnúsdóttir
- Hæst dæmda kynbótahrossið - Salka frá Efri-Brú (einkunn 8,76), ræktandi Óli Fjalar Böðvarsson
- Íslandsmeistari í 150m skeiði ungmenna - Sigrún Högna Tómasdóttir
- Íslandsmeistari í 250m skeiði ungmenna - Þorvaldur Logi Einarsson
- Knapi ársins - Hans Þór Hilmarsson

Óskum við öllum verðlaunahöfum til hamingju með glæsilegan árangur á árinu.

## Haustfundur

Þann 12. nóvember hittust stjórnir og nefndir á vegum Jökuls og fóru yfir árið og skipulögðu það næsta. 40 manns mættu og nýttist fundurinn vel og gott hljóð í fólkinu sem heldur starfinu gangandi. Að mörgu er að huga í starfi hjá stóru félagi.

## Heimasíða

Hestamannafélagið kynnir með stolti nýja heimasíðu sína [www.hmfjokull.is](http://www.hmfjokull.is). Á síðunni má finna allar helstu upplýsingar félagsins, einnig mun Facebook-síðan okkar vera vel virk eins og hefur verið.

# Íbúakönnun - Atvinnumálastefna

Nú stendur yfir vinna við að móta sam-  
eiginlega atvinnumálastefnu sveitarfélaganna  
í Uppsveitum Árnessýslu; Bláskógabyggð,  
Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamanna-  
hreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.



Atvinnumálaþing Uppsveita er afstaðið þar sem fjölmargar hugmyndir íbúa komu fram. Nú gefst íbúum aftur tækifæri til að taka þátt í að móta áherslur í atvinnumálastefnunni með því að svara rafrænni könnun. Könnunin verður aðgengileg íbúum á vefsíðum sveitarfélaganna fjögurra á næstu dögum.

Það tekur ekki langan tíma að svara könnuninni en öll svör eru vel þegin og nýtast í áframhaldandi vinnu. Óskað er eftir að sem flestir íbúar taki þátt og dragi fram þau atriði sem þeir telja mikilvægust.

*Aðventukveðjur, verkefnisstjórn*



**HUGMYND**

# TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingar-  
leyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14, 845 Flúðir - flight@simnet.is - Sími 699 0757

## Opið Fimmtudaga - Sunnudaga

12:00-17:00

Litla Bændabúðin  
Melum



### REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Olíuvörur og allt fyrir dýrin....stór og smá!




**LANDSTÓLPI**

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
☎ 480 5610

🌐 [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
✉ [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)



# Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035  
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is



## Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is



## FLUGELÐASALA BJÖRGUNARFÉLAGSINS EYVINDAR



### Verður í húsi félagsins:

Miðvikudaginn	28. desember	kl. 17:00 - 21:00
Fimmtudaginn	29. desember	kl. 17:00 - 21:00
Föstudaginn	30. desember	kl. 13:00 - 22:00
Laugardaginn	31. desember	kl. 10:00 - 16:00
Fimmtudaginn	5. janúar	kl. 17:00 - 19:00
Föstudaginn	6. janúar	kl. 17:00 - 19:00

Einnig verðum við með netsölu fyrir flugelda á síðunni <https://www.eyvindur.flugeldar.is> sem opnar 20. desember.

Okkar árlega flugeldasýning verður laugardaginn 7. janúar 2023.

Hægt er að styrkja sýninguna á opnunartíma söluunnar eða með því leggja inn á reikning Eyvindar:

**Kt.: 460100-2590**  
**Banki: 0325-26-2590**  
**bfeyvindur@simnet.is**

*Við óskum ykkur  
gleðilegra jóla og  
farsældar á komandi ári.*

*Með þökk fyrir  
stuðninginn á líðandi ári,  
Björgunarfélagið Eyvindur*



FRÆÐSLUNETIÐ KYNNIR:

## NÁMSKEIÐ FYRIR 60+ SNJALLTÆKIN OKKAR

Námskeið í **Félagsheimilinu á Flúðum** þar sem kennt er hvernig hægt er að nota snjalltæki, síma eða spjaldtölvu á virkari hátt. Námskeiðið er í **4 skípti, 2 klst. í senn.**

**Skráning og nánari upplýsingar:** Hjá Steinunni í síma 560 2030 og 560 2038 | steinunnosk@fraedslunet.is

### DAGAR OG TÍMI:

Fimmtudagar og föstudagar, 19., 20., 26. og 27. janúar kl. 10-12

Námskeiðið er í boði félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins

[www.fraedslunet.is](http://www.fraedslunet.is)



## Sorphirðudagatal

### DESEMBER

S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31



# Laust starf

í skapandi og notalegu umhverfi með skemmtilegu fólki



Í Friðheimum eru ræktaðir tómatar allan ársins hring. Við tökum líka á móti gestum, sýnum

þeim tómataræktunina og bjóðum upp á matarupplifun byggða á tómtum sem gestirnir sitja hliðina á.

Í Friðheimum er einnig stunduð hrossarækt og gestum boðið að heimsækja hesthúsið og upplífa íslenska hestinn

## Starfskröfur

Við erum að leita að manneskju sem hefur **gaman af garðyrkju**, elskar að **rækta** og **dúlla sér við plöntur** og **hafa fínt í kringum sig**.

Hún þarf að vera **sjálfstæð**, **vinnusöm**, **ábyrgðarfull** og **jákvæð**.

## Starfslýsing

Hjá okkur er laust starf sem felst í að rækta salat og basilíku, halda pelagóníum og ýmsu öðru í toppformi og dekra við allt grænt á veitingastaðnum okkar.

Vinnutími er mánudaga til föstudaga. Hægt að aðlaga vinnutíma en miðað er við 75-100% starfshlutfall.

Kallar þetta á þig?

Endilega hafðu samband!

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á [helena@fridheimar.is](mailto:helena@fridheimar.is)



## Helgihald um jól og áramót

**24. desember - aðfangadagur: Jólasmorgunssamvera** fyrir börn á öllum aldri í Hrepphólakirkju kl. 11. Guðsþjónusta á aðfangadagskvöld í Hrepphólakirkju kl. 23.

**25. desember - jóladagur:** Hátíðarmessur. Ólafsvallakirkja kl. 11 og **Hrunakirkja kl. 13.** Ljósaguðsþjónusta á jóladagskvöld í Stóra-Núpskirkju kl. 22.

**31. desember – gamlársdagur:** Guðsþjónusta í Tungufellskirkju kl. 14. Aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16.

**8. janúar:** Nýársmessu í Hrepphólakirkju kl. 14.

Sjáumst í kirkjunum um hátíðarnar. Guð gefi okkur góða aðventu og gleðileg jól.

Óskar Hafsteinn Óskarsson  
sóknarprestur



**HRUNA-  
PRESTAKALL**



## Frá sóknarnefndum Hrunaprestakalls

Sem fyrr verður hægt að kveikja á rafljósum í kirkjugörðum prestakallsins nú á aðventunni. Til að standa straum af kostnaði vegna rafmagnsnotkunar ofl. hafa sóknarnefndir prestakallsins ákveðið að setja upp 1000 kr. gjald fyrir hvern leiðiskross sem tengdur er við rafmagn. Er fólk beðið um að leggja upphæðina inn á reikning viðkomandi kirkjugarðs.

Stóri-Núpur	0152-05-264429	kt. 491098-3339
Ólafsvellir	0152-15-371512	kt. 490269-3399
Hruni	0325-26-18952	kt. 640169-2229
Hrepphólar	0325-26-9068	kt. 640169-3039

## SKÖTUVEISLA VIÐ FAXA

Við verðum með skötuhlaðborð í hádeginu á Þorláksmessu frá klukkan 12 til 14. Á borðum verður skata og saltfiskur ásamt klassísku meðlæti.

**Verð 3.000 kr. á mann.**

Hálfvirði fyrir börn á grunnskólaaldri og frítt fyrir yngri. Borðapantanir í síma 774 7440 í síðasta lagi 22. des.







## Er bíllinn klár fyrir veturinn ?

Tökum að okkur vottuð þrif á öllum bílum  
Þau þrif sem við bjóðum upp á eru m.a.

Alþrif innan sem utan

Sölu þrif - alþrif, vélarþrif og djúphreinsun

Ozone meðferð ( lyktareyðing )

Djúphreinsun leðursæta

Mössun og sölumössun

Keramik code 1, 5 eða 10 ára vörn



Og svo miklu meira !!

Hafið samband við okkur í síma 865-5678

eða kíktu á [www.jbvidgerdir.is](http://www.jbvidgerdir.is)

# Fréttir frá æskulýðsnefnd Hestamannafélagsins Jökuls

Miðvikudaginn 4. jan. kl. 19.00 verður kynningarfundur í reiðhöllinni. Matur verður á staðnum, hestar til að teyma undir og smá sýning og sprell ásamt kynningu á starfinu síðasta ár og hvað við erum að spekulera með næsta ár. Allir velkomnir!

Í janúar munu svo reiðnámskeið byrja og vera á miðvikudögum fram í apríl, kennari er Eva María á Stangarlæk. Einnig verður föndurnámskeið í janúar.


Áfram mun svo verða fjölbreytt starf á vegum æskulýðsnefndar og má þar nefna kennslu í reiðtygjaþrifum, sýnikennsla í hestanuddi/teygjum og margt fleira.

Fjölbreytt sumarnámskeið verða svo auglýst síðar.

Ef einhverjar spurningar vakna ekki hika við að hafa samband, til dæmis á Facebook-síðunni „Hestakrakkar í uppsveitum“ eða á póstfanginu [aeska@hmfjokull.is](mailto:aeska@hmfjokull.is) annars hlakkar okkur til að sjá sem flesta á kynningarfundinum 4. janúar.



**SKsmiður**  
*Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir*  
Sími 888 1975 / 865 7499



*Bestu óskir um glédileg jól  
og farsælt komandi ár.  
Þakka viðskiptin og samstarfið.*

**FÓTAAÐGERÐASTOFA  
ÖDDU SIGGU**

*Miðfelli 2a*

Opíð alla virka daga kl. 8-16.  
Tímappantanið í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.  
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**





## Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðaúðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
*Garðyrkjufæðingur*

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímarpantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.

## SKRIFSTOFA HRUNAMANNAHREPPS

### Opnunartímar:

Mánudaga til fimmtudaga: Kl. 9:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: Kl. 09:00-12:00

**LOKAÐ verður þriðjudaginn 2. janúar 2023.**



Sími 480 6600

fludir.is - hruni@fludir.is



### Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu, 2. hæð

Sími 480 6628 - Bókasafnið á Facebook

bokasafn@fludir.is - <http://bokasafn.fludir.is/>



### Bókasafnið er opið:

Þriðjudaga Kl. 19-20

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Föstudaga Kl. 12-14

**Lokað 27. og  
30. desember 2022.**

# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

## Opnunartími Íþróttamannvirkja yfir jól og áramót

### Tækjasalur:

23.-26. des. lokaður.

**27.-30. des. opið: kl. 13:00-21:30.**

31. des. - 2. jan. verður lokað.

### Sundlaugin:

Í morgunopnuninni fimmtudaginn 22. des. frá kl. 6:00-9:00 verður jólasstemning hjá okkur. Ljúf jólatónlist og boðið verður uppá kakó/kaffi og piparkökur.

23. - 26. des. verður lokað.

27. - 30. des. opið á venjulegum tíma.

31. des. - 2. jan. verður lokað.

— ” —  
Jólapappír og  
merkisþjöld flokkast í  
söfnunartunnu undir  
pappír.

Pakkabönd úr plasti  
flokkast í  
söfnunartunnu undir  
plast.

— ” —